

Nefndasvið Alþingis,
Fjárlaganefnd og allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. apríl 2019

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um fjármálaáætlun fyrir árin 2020 – 2024, 750. mál.

Félagið Femínísk fjármál fagnar útgáfu fyrstu grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar en hún er gagnleg tæki til að stuðla að kynja- og jafnréttissjónarmiðum við stefnumótun og ákvarðanatöku. Á sama tíma gerir félagið verulegar athugasemdir við að ekki sé leitast við að leiðrétta þann kynjamun sem þar er lýst, við stefnumörkun fjármálaáætlunar til næstu fimm ára, líkt og stjórnvöld hafa skuldbundið sig til (bls. 140, lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015). Félagið gagnrýnir sérstaklega að ábyrgðaraðilar málefnasviðanna hafi ekki nýtt heimild til að bæta við sérstöku jafnréttismarkmiði til að bregðast við niðurstöðum jafnréttisgreininga.¹ Það gefur til kynna að ríkisstjórninni sé ekki alvara með áform sín um að tryggja „að niðurstöðum jafnréttismats verði komið í farveg við vinnslu fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps“ (bls. 141).

Fæst markmið, verkefni og aðgerðir í fjármálaáætlun eru tengd við kynja- og jafnréttissjónarmið þrátt fyrir að verulegur kynjamunur eða skekkja komi fram í grunnskýrslu kynjaðra fjárlagagerðar. Að þessu sinni vill félagið koma sérstaklega á framfæri ábendingum um kynja- og jafnréttissjónarmið sem taka þarf tillit til við stefnumörkun eftirfarandi málefnasviða:

Kynjasjónarmið við endurskoðun á skattkerfinu

Félagið Femínísk fjármál fagnar því að skattaafsláttur í formi samnýtingu skattþrepa verði afnuminn. Félagið hvetur stjórnvöld til að taka fleiri skref til að stuðla að jafnrétti í skattkerfinu og skoða að breyta

¹ Fundur félagsins Femínísk fjármál með fulltrúum verkefnisstjórnar kynjaðrar fjárlagagerðar, 27. mars 2019.

fyrirkomulagi um samnýtingu á persónuafslætti í ljósi þess að það felur í sér mismunun gagnvart einstaklingum sem reka heimili einir eða með öðrum en maka (t.d. foreldri). Þetta er meðal annars kynjajafnréttismál, en 14% fjölskyldna eru samsettar af móður og börnum og 2% fjölskyldna samsettar af föður og börnum.² Félagið hvetur stjórnvöld til að leita annarra leiða til að koma móts við tekjulægri fjölskyldur.

Fæðingarorlof

Félagið Femínísk fjármál lýsir yfir mikilli ánægju með áform um að lengja fæðingarorlof og að samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs verði tólf mánuðir, þar sem hvort foreldri fær fimm mánuði og tveir mánuðir verða sameiginlegir. Félagið ítrekar mikilvægi þess að farið verði í blandaða leið á útreikningi á rétti foreldra til greiðslna í fæðingarorlofi líkt og starfshópur um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum lagði til, þ.e. að auk hækkunar á hámarksgreiðslu sem varð 600.000 kr. þann 1. janúar sl., verði fyrstu 300.000 kr. af viðmiðunartekjum greiddar óskertar.³ Sú aðgerð að hækka hámarksgreiðslu í fæðingarorlofi nýtist frekar körlum og tekjuhærri einstaklingum. Mikilvægt er að koma til móts við konur og tekjulægri einstaklinga, og í því samhengi þarf líka að endurskoða og hækka fæðingarstyrk til nema og fólks sem stadið hefur utan vinnumarkaðar.

Heildarendurskoðun á stuðningi við námsmenn

Félagið Femínísk fjármál fagnar því að endurskoða eigi stuðning við námsmenn með það að leiðarljósi „að aðgengi að háskólanámi sé óháð efnahag, búsetu og öðrum aðstæðum og sérstaklega sé gætt að kynja- og jafnréttissjónarmiðum“ (bls. 349). Félagið vill ítreka mikilvægi þess að tekið sé tillit til rofs í námsframvindu vegna barneigna, s.s. við þróun á hvötum til að auka skilvirkni í námi. Konur taka tvöfalt lengra fæðingarorlof en karlar og axla frekar ábyrgð á að brúa umönnunarbilið milli orlofsins og dagvistunarþjónustu.⁴ Auk þess vill félagið hvetja stjórnvöld til að endurskoða fyrirkomulag á

² Jafnréttisstofa, Hagstofa Íslands, og Velferðarráðuneytið (e.d.). Konur og karlar á Íslandi 2018: https://hagstofa.is/media/51002/konur_og_karlar_2018_net.pdf

³ Velferðarráðuneytið (2016). Framtíðarstefna í fæðingarorlofsmálum: https://www.stionarradid.is/media/velferdarradunevti-media/media/skvrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf.

⁴ Sonja Ýr Þorbergsdóttir (2017). Skýrsla BSRB um dagvistunarúrræði, maí 2017: https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/skvrsla-bsrb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf

endurgreiðslu lána frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, en huga þarf sérstaklega að því að einstaklingar séu ekki gerðir fjárhagslega háðir mökum sínum.

Kynbundið ofbeldi

Markmið í málaflokknum jafnréttismál er að draga úr ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, en það er ógn sem konur standa frammi fyrir daglega og dregur þær til dauða í alvarlegustu tilfellum. Til að ná settum markmiðum þarf að ráðast í sértækar aðgerðir, s.s. innan málaflokksins löggæsla (9.1, bls. 228-231). Árið 2018 var ákveðið að leggja 237. m.kr. á ársgrundvelli til eflingar lögreglunnar til að sinna rannsókn og meðferð kynferðisbrota. Félagið lýsir yfir óánægju um að ekki standi til að auka frekar fjárheimildir til eflingar málsmeðferðar lögreglu á kynferðisbrotamálum á árunum 2020-2025, en félagið efast um að stjórnvöld nái markmiðum sínum um besta mögulega þjónustustig og hæsta mögulega öryggisstig allra hópa samfélagsins, ekki síst kvenna og minnihlutahópa, án þess að ráðast í frekari sértækar aðgerðir.

Samgöngumál

Við forgangsroðun í samgöngumálum þarf byggja á kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Mælanlegur munur er á milli karla og kvenna þegar kemur að vali á ferðamáta, tilgangi og tíðni ferða sem farnar eru, sem og vegalengdum. Þetta er m.a. talið tengjast ólíkri stöðu kynjanna þegar kemur að heimilis- og fjölskylduábyrgð, en einnig búsetu, stéttarstöðu og launamun. Fleiri jafnréttissjónarhorn eru á samgöngumál, m.a. fjárhagsleg staða. Notkun á almenningssamgöngum tengist efnahagsstöðu, herra hlutfall þeirra tekjulægstu og þeirra sem búa á heimilum þar sem skortir efnahagsleg gæði nota almenningssamgöngur heldur en þau sem eru tekjuhærri og búa á heimilum þar sem skortir ekki efnahagsleg gæði.⁵ Upplýsingar á borð við þessar gefa ærið tilefni til að forgangsraða í þágu jafnréttis.

Virðingarfyllst f.h. félagsins Femínísk fjármál.

Auður Lilja Erlingsdóttir, Finnborg S. Steinþórsdóttir, Freyja Barkardóttir, Joanna Marcinkowska
Sigríður Finnbogadóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir.

⁵ Hagstofa Íslands (2015). Hverjir nota almenningssamgöngur, Hagtíðindi 3/2015: <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/samgongur/hverjir-nota-almenningsamgongur/>